

THE Lion

Blað nr. 229

ÍSLENSK ÚTGÁFA



We Serve

apríl / maí 2005



Janúar / febrúar 2005 Blað nr. 228
THE LION IN ICELANDIC
FJÖLUMDÆMI 109
Multiple District 109 Iceland

Opinbert málagn Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: dönsku, ensku, farsí, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknensku og þýsku. Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út í heiminum.

Útgefandi THE LION á íslensku:
FJÖLUMDÆMI 109

Tímaritið the Lion kemur út sex sinnum á ári.

Lionssskrifstofan, Sóltúni 20, 105 Reykjavík
er opin frá kl. 12.00 til 15.00
Sími 561 3122
Fax: 561 5122
e-mail / netfang: lions@lions.is
Heimasíða Lions: lions.is

Ritstjóri:

Ólafur Briem
Grundarlandi 22, 108 Reykjavík,
Sími: 561 3122, netfang: lions@lions.is

Setning, umbrot, prentun:

Prentsmiðjan Gutenberg hf.
Síðumúla 16, 108 Reykjavík

Umsjón auglýsinga: í blaði 225 - Lkl. Njörður

í blaði 226 - Lkl. Fjörgyn

í blaði 227 - Lkl. Eir

í blaði 228 - Lkl. Mosfellsbæjar

í blaði 229 - Lkl. Fjölur

FJÖLUMDÆMISRÁÐ FJÖLUMDÆMIS 109

Starfsárið 2004-2005

Pórunn Gestsdóttir, fjöllumdæmisstjóri
Geir Hauksson, umdæmisstjóri 109 A
Stefán Skarphéðinsson, umdæmisstjóri 109 B
Arni Stefán Guðnason, fjöllumdæmisgjaldkeri
Örn Gunnarsson, fjöllumdæmisritari og netstjóri
Kristinn Hannesson, unglingskaptastjóri
Hrundi Hjaltadóttir, fræðslustjóri
Margrét Jónsdóttir, félagsnefndarstjóri
Einar Þórðarson, félagsstjóri
Jón Bjarni Þorsteinsson, alþjóðasamskiptastjóri og fv.
Alþjóðastjórnarmaður
Halldór Kristjánsson, kynningarstjóri
Þórolfur Árnason, LCIFstjóri
Edda J. Briem, Lionsleiðsögumaður
Þórhildur Gunnarsdóttir, Lions-Queststjóri
Magnús B. Einarson, MedicAlertstjóri
Jón Eyjólfur Jónsson, menningarstjóri

Magnús Steingrímsson, mynja og skjalavörður
Þór Steinarrson, NSR/AU samstarfsnefndarmaður
Norðurlanda

Ólafur Briem, protokolstjóri og ritstjóri Lionsblaðsins
Guðmundur Bjarnason, sjónverndar- og heilbrigðisstjóri
Sigrún Steinsdóttir, umhverfisstjóri
Pálmi Hannesson, útbreiðslustjóri
Laufey Jóhannsdóttir, útbreiðslustjóri kvenna
Guðmundur Finnbogason, verkefnastjóri
Hörður Sigurjónsson, þingstjóri
Guðmundur Rafnar Valtýsson, varaumdæmisstjóri 109 A
Valdimar Þorvaldsson, varaumdæmisstjóri 109 B
Björn Guðmundsson, fv. alþjóðastjórnarmaður

Frankvæmdastjórn Lionshreyfingarinnar 2004-2005:

International President Clement Kusiak, Maryland, USA.
Immediate Past President Dr. Tae-Sup Lee, Seoul, Republic of Korea.
First Vice President Ashok Mehta, Mumbai, India.
Second Vice President Jimmy Ross, Quitaque, Texas, USA.

Alþjóðastjórnarmenn 2004-2005:

Lowell J. Bonds, Hoover, Alabama, USA.
Gary L. Brown, Urbana, Ohio, USA.
Vara Prasad Chigurupati, Vijayawada, Andhra Pradesh, India.
Jules Coté, Shelburne, Vermont, USA.
Hans Ulrich Dätwyler, Schattdorf, Uri, Switzerland.
Nelson Diez Perez, Asuncion, Paraguay.
Asoka de Z. Gunasekera, Nugegoda, Sri Lanka.
Randy L. Heitmann, Cambridge, Nebraska, USA.
Erkki J.J. Laine, Espoo, Finland.
E. Robert Lastinger, Wesley Chapel, Florida, USA.
Howard Lee, Farnham, England.
Dr. Gen Okubo, Nagasaki, Japan.
William R. „W.R.“ O'Riley, Maryville, Missouri, USA.
James Sherry, Sackville, Nova Scotia, Canada.
Dr. Wing-Kun Tam, Hong Kong, China.
Gary Tschache, Bozeman, Montana, USA.
Walter R. „Bud“ Wahl, Streator, Illinois, USA.
Luis Alfredo Almansa.
William E. „Bill“ Anderson, Hanover, Pennsylvania, USA.
Sebastiao Braga, Belo Horizonte, Brazil.
Richard P. Chaffin, Forest, Virginia, USA.
Bill Crawford, Encinitas, California, USA.
Clifford (Cliff) S.A. Heywood, North Shore City, New Zealand.
Jan A. Holtet, Rasta, Norway.
Dr. Miki Ishibashi, Otaru, Japan.
Somsakdi Lovisuth, Bangkok, Thailand.
Sergio Maggi, Bari, Italy.
Don Reese, Eunice, New Mexico, USA.
G. Durwand „Dur“ Robertson.
Maynard Ruchks, Minnesota, USA.
A.P. Singh, Kolkata, India.
Kee-Jung Woo, Kyung San, Republic of Korea.
Ernest „Ernie“ Young, jr., Lansing, Kansas, USA.

Ritstjórapistill

Möskvastærðin

Félagastjóri Lionshreyfingarinnar á Íslandi, Einar Þórðarson, skrifaði grein í Lionsblaðið fyrir skömmu sem fjallaði um fjölgun og fækkun í hreyfingunni og hversu auðvelt ætti að vera að fjölga í hreyfingunni og lagði í því efni út frá mismuninum á interneti og þorskaneti. Guðmundur Finnbogason verkefnastjóri hreyfingarinnar og sjómaður af guðs náð til fjölda ára sagði, eftir að hafa lesið greinina, að í hana hefði vantað hversu mjög möskvastærðin skipti máli. Þegar ég bar þetta undir Einar tjáði hann mér að hann vissi nú líka ýmislegt um sjósókn. Spyr hins vegar sá sem ekkert veit um möskvastærðir, hvort ekki þurfi tvenns konar möskvarstærð, annars vegar til að ná Lionsfiskum inn í trollið og hins vegar möskvastærð til að koma í veg fyrir að þeir sleppi út aftur? Þeir félagar geta svo velt vöngum um framkvæmdamöguleikana það sem eftir lifir starfsárs.

Ástæðan fyrir því að ég minnst á þetta er sá hjartsynistónn sem kvað við á síðasta fundi fjöllumdæmisráðs að því er varðaði fjölgun og stofnun klúbba. Þótt hljótt hafi farið, hefur fjöldi félaga lagt á sig ómælda vinnu í þessu efni í þeirri óbilandi trú að þörf sé á Lionsklúbbum og fleiri félögum í þeim sem fyrir eru til að leggja lið þeim sem minna mega sín. Auk ótal kynningarfundu og átaks í ræðu og riti er það einlæg von þeirra sem unnið hafa að þessum málum hörðum höndum að sýnilegs árang-

urs fari að gæta. Og hver veit nema við eigum einnig eftir að sjá árangur hvatningarorðanna á baksíðu síðasta Lionsblaðs: **Við leggjum lið - Vertu með.**

Sannleikurinn er sá að ört vaxandi úthverfi Reykjavíkur þurfa á því að halda að þar séu stofnaðir Lionsklúbbar sem lagt geta lið í sínu nánasta umhverfi. Sama má segja um vaxandi bæjarfélög eins og Reyðarfjörð. Að vísu er eftirspurnin eftir takmörkuðum frítíma fólks mikil hvar sem er á landinu, en ef það hugsar til þess hvað það getur verið gefandi fyrir það sjálft sem og sína nágranna að gefa örlítið af sínum frítíma til að leggja lið, þá er ég sannfærður um að það á eftir að njóta þakklætis þeirra sem njóta.

Annarsstaðar hér í blaðinu er ræða Ómars Bogasonar sem hann flutti á kynningarfundu hreyfingarinnar á Reyðarfirði nýlega. Í greininni segir Ómar frá því hvernig hann varð að „éta ofan í sig“ að Lions væri ekki fyrir hann, eins og hann hafði haldið fram áður en hann gekk til liðs við Lionsklúbb Seyðisfjarðar. Ég tel ekki úr vegi að takast megi að fullnægja kröfu alþjóðastjórnar um fjölda 1250 félaga í hvoru umdæmi fyrir sig ef okkur tekst að sannfæra fleiri um reynslu Ómars Bogasonar að:

Vel fara saman boltinn, golf og Lions.

Ólafur Briem, ritstjóri



Fundartímar Lionsklúbba á Stór-Reykjavíkursvæðinu

Nafn klúbbs:	Fundardagar:	Fundartími:	Fundarstaður:
Ásbjörn	1. og 3. fimmtudagur	kl. 19.00	Dalshraun 15
Bessastaðahrepps	1. og 3. fimmtudagur	kl. 19.00	Íþróttahúsið
Eik	1. og 3. þriðjudagur	kl. 19.00	Garðaholti
Garðabæjar	2. og 4. þriðjudagur	kl. 19.30	Kirkjulundur, Garðabæ
Hafnarfjarðar	2. og 4. fimmtudagur	kl. 19.00	Gaflinn
Kaldá	2. og 4. þriðjudagur	kl. 19.00	Gaflinn
Eir	1. og 3. mánudagur	kl. 19.00	Lionsheimilið
Fjölur	2. og 4. þriðjudagur	kl. 19.00	Lionsheimilið
Freyr	1. og 3. mánudagur	kl. 18.45	Hótel Saga
Reykjavíkur	1. og 3. fimmtudagur	kl. 18.30	Versalir, Hallveigarstíg
Ægir	2. og 4. miðvikudagur	kl. 18.30	Kringlukráin
Kópavogs	2. og 4. miðvikudagur	kl. 19.00	Lundur, Auðbrekku
Muninn	1. og 3. miðvikudagur	kl. 19.15	Lundur, Auðbrekku
Seltjarnarness	2. og 4. þriðjudagur	kl. 19.00	Félagsh. Seltj.
Viðarr	1. og 3. miðvikudagur	kl. 19.00	Lionsheimilið
Ýr	2. og 4. mánudagur	kl. 19.15	Lundur, Auðbrekku
Þór	1. og 3. þriðjudagur	kl. 19.00	Lionsheimilið
Baldur	3. fimmtudagur	kl. 18.15	Kaffi Reykjavík
Engøy	2. og 4. mánudagur	kl. 19.30	Lionsheimilið
Njörður	1. miðvikudagur	kl. 18.00	Kaffi Reykjavík
Váli	2. og 4. þriðjudagur	kl. 20.00	Grensáskirkja
Fjörgyn	2. og 4. fimmtudagur	kl. 19.00	Garfarvogskirkja
Föld	3. mánudagur	kl. 19.00	Lionsheimilið
Mosfellsbæjar	2. og 4. fimmtudagur	kl. 19.00	Hlégarður
Týr	2. og 4. miðvikudagur	kl. 18.45	Versalir

Athugasemd:

Upplýsingar þær um fundartíma Lionsklúbba sem hér eru birtar eru með fyrirvara þar sem sumir klúbbar breyta stundum fundarstað og tíma fyrirvaralaust.

Efnisyfirlit:

Gildi viðurkenninga 5

Fljótablinda 5

Framboð 6-8

Stofnun klúbbs 8

Tekjur og gjöld 9

Klúbbamál 10-15

Dagskrá Lionsþings 13-14

Pórunn Gestsdóttir, fjölumðæmisstjóri

Undirliggjandi réttlæti

„Það er meira undirliggjandi réttlæti í samfélaginu núna en nokkru sinni í sögunni.“ Þessi setning, sem ég fann í nýlegu viðtali við mætan þjóðfélagsþegn, situr í sál og sinni. Í hraða hins daglega lífs er áreiðandi mikið, önnur kafið nútímafólk þarf að skipuleggja vel hverja vökustund. Og vegna hraðans getur ýmislegt fallið á milli þilja. En þrátt fyrir hraðann, óáran, náttúruhamfarir og átök víða í veröldinni hefur okkur miðað áfram.

Við horfum ekki framhjá því að í góðari og alltumvefjandi velmegun eru líka brotalamir, sjúkdómar herja á marga og áunnið og óviðráðanlegt lánleysi yfirtekur stundum lífshlaup einstaklinga.

Starf okkar í Lions er margþætt og undirstaðan er að leggja lið. Það starf er jafn nauðsynlegt og brýnt í dag og árið 1917 þegar lagður var grunnur að farsælu alþjóðastarfi Lions. Höfum við átt þátt í því að bæta okkar samfélag, hafa okkar verk og gjörðir stuðlað að framförum og bættu samfélagi



Pórunn Gestsdóttir.

með „meira undirliggjandi réttlæti“?

Ekki flókin en margþætt

Í okkar hópi, Lionsfélaga á Íslandi hefur umræðan um fækkun og fjölgun félaga innan hreyfingarinnar verið ofarlega á baugi. Oft hefur heyrst að fólk hafi

ekki tíma til að sinna störfum af þessum toga, hraðinn, kröfurnar og lífsstillinn í okkar nútímasamfélagi taki sinn toll. En við nánari skoðun er hjálparstarf félagasamtaka á Íslandi af ýmsum toga, margþætt og mjög öflugt.

Okkar innra starf er margþætt og ytri angar ná víða. Við setjum ekki mælistiku á verkin okkar en aftur á móti eigum við að vera meðvitund um umfang og árangur.

Góður árangur og jákvætt orðspor dregur fleiri að.

Starf okkar innan Lionshreyfingarinnar er margþætt og fjölbreytt og árlega á landsþingum okkar er við hittumst til að bera saman bækur, deila árangri og blása í framtíðarlúðrana, er gerð grein fyrir því sem er og var. Við horfum til allra verkþátta hreyfingarinnar og skoðum stöðuna, skiptumst á skoðunum um þróun verka og árangur. Samskipti innan Lionshreyfingarinnar eru ekki flókin en markþætt eru þau.

Vogarskál réttlætisins

Kjarninn í Lionsstarfinu er starfið innan klúbbanna, síðan kvíslast reynslan og þekkingin á innra starfinu um hið stóra og styrka æðakerfi hreyfingarinnar. Þetta afl hefur vægi í okk-

ar samfélagi og um víðan völl, við eflum bæði undirliggjandi og borðliggjandi réttlæti í heimssamfélaginu.

Framundan er landsþingið okkar sem ljóst er á síðum þessa blaðs. Við höldum til þings með okkar veganesti, tökum á móti gestum og skiptumst á skoðunum. Það er markmið okkar að vekja athygli á kraftmiklu starfi Lionsfélaga hvar í sveit sem þeir eru settir. Við fræðumst og gleðumst. Við skulum svara spurningunni sem er hér í upphafi greinarinnar játandi. Við höfum með verkum okkar og gjörðum stuðlað að framförum og bættu samfélagi og höfum vissu fyrir því „að meira undirliggjandi réttlæti“ en nokkru sinni fyrr er í okkar samfélagi.

Það eru margir sem hafa lagt og munu halda áfram við að leggja lóð á réttlætisvogarskálina, Lionsmenn eru í þeim hópi meðal jafningja.

Stefán Skarphéðinsson, umdæmisstjóri 109B

Fresturinn styttist

Nú þegar líður að fjölumðæmisþingi og verðandi embættismenn streyma til þings þá er rétt að líta yfir farinn veg og meta starfsárið sem er að líða. Margt hefur verið gert en margt er þó ógert af því sem við vildum hafa framkvæmt. Þrátt fyrir sett markmið og góðan ásetning er það oft svo að okkur skortir tíma nú á döggum hraða og firringar.

Við stefndum að því að fjölga í báðum umdæmunum og höfðum öll spjót úti en allt án nægilegs árangurs. Víst ganga margir til liðs við hreyfinguna en brottfallið er meira en nýliðunin og kemur sjálfsgagt margt til. Félagar falla frá, aðrir hætta, en margir flytja milli landshluta, því það er mikil hreyfing á fólki af ýmsum ástæðum. Fólk flytur búferlum vegna atvinnu, náms og annarra ástæðna. Okkur hefur ekki tekist að halda fólki innan hreyfingarinnar við þessa miklu flutninga.

Stjórnir klúbba þurfa að koma



Stefán Skarphéðinsson.

upplýsingum til þeirra klúbba sem eru starfandi á því svæði sem Lionsfélagar flytja til. Síðan þurfa félaganefndir að setja sig í samband við hið nýflutta Lionsfólk og bjóða því á fundi til kynningar á nýjum klúbbum. Ég er þess fullviss að ef við náum árangri í þessum efnun munum við jafnvel ná því að gera umdæmin lögleg. Nú vantar um 240 manns til þess að umdæmin verði lögleg, sem er samsvarandi tólf tuttugu manna klúbbum, eða að hver þeirra klúbba sem nú eru starfandi bættu við sig 2,7 félögum umfram brottfall. Fresturinn til að gera umdæmin lögleg rennur út á næsta ári.

Mörgum finnst nóg komið af fjölgunartali, en það verður alltaf við líði, því framtíð Lionsstarfsins byggist á því að við náum inn nýjum starfskröftum og fólki með nýjar hugmyndir. Hvatinn til fjölgunar þarf að verða til hjá klúbbunum sjálfum og það gengur aldrei að þessi áeggjan

komi aðeins að ofan. Þó það geti ýtt við stjórnnum klúbba þá dugar það ekki eitt og sér. Ein mesta ánægjan í Lionsstarfinu er að sjá nýliða, sem koma fullir áhuga og með ákveðið frumkvæði í handraðanum, því að

nógu er að starfa ef áhuginn er fyrir hendi.

Að lokum óska ég öllu Lionsfólki gleðilegs sumars og megi fjölumðæmisþingið okkar verða ánægjulegt og hreyfingunni til framdráttar.



Munið að panta Stjórnarskiptabarmmerkin Lionsskrifstofan

Skýrsluskil

Nú líður óðum að lokum starfsársins 2004-2005. Þá er gert ráð fyrir að öllum mánaðarskýrslum fyrir starfsárið hafi verið skilað.

Fyrir 15. maí skal skila skýrslu klúbba um starfið á starfsárinu, stöðluðu skýrslueyðublaði alþjóðaskrifstofu um verkefnaval og sér-

stöku eyðublaði um stjórn næsta starfsárs, 2005-2006.

Riturum berast innan tíðar gögn frá alþjóðaskrifstofu sem þeir verða að afhenda þeim ritara sem við tekur og sama má segja um gögn annarra stjórnarmanna, þau skulu afhent þeim sem við taka.

Geir Hauksson, umdæmisstjóri 109 A

Yfir farinn veg

Nú fer óðum að stytast í starfsárinu, enda virðist vorið vera á næsta leiti með komu lóunnar. Þriðji fundur umdæmisstjórnar var haldinn fyrir skömmu. Þar gerðu hinir ýmsu fulltúar og svæðisstjórar grein fyrir störfum sínum í vetur. Ekki gátu allir komið en skýrslur hafa borist og var ekki ann-

að að sjá og heyra en að andinn væri góður og starfið í klúbbunum væri ágætt. Má nefna í því sambandi að á tveim svæðum ætla klúbbar að halda sameiginlega svæðishátíð og er það mjög til fyrirmyndar. Það þjappar klúbbunum betur saman og verður örugglega skemmtilegt.

Verksvið umdæmisfulltrúa

Unglingaskiptafulltrúinn okkar Kristjana E. Guðlaugsdóttir fræddi okkur um skipulag á unglingabúðunum og hvað væri framundan í þeim efnum. Kristjönu var svo afhent viðurkenningarskjál frá alþjóðarforseta, Clement F. Kusiak, vegna starfa hennar að unglingamálum. Björn Guðmundsson heilbrigðisfulltrúi



Geir Hauksson.

hvatni Lionsfólk að mæta á fyrirlestur sem haldinn var í Norræna húsinu 6. apríl og fjallaði um heilabilun. Þorsteinn Kristinsson félaganefndarfulltrúi sagði okkur frá könnun sem send hefur verið formönnum klúbba um ástæður fyrir brottfalli félaga og hvet ég formenn eindregið að

taka þátt í henni eftir bestu getu. Þannig að fá megi vísbendingar um hvað betur má fara. Gísli Þ. Gíslason umhverfissfulltrúi sagði frá fyrirspurn til klúbba um hvað þeir væru að gera í umhverfismálum og hvet ég þá að tíunda það skilmerkilega. Svo fræddi Jóhanna Valdimarsdóttir fræðslufulltrúi okkur um Leiðtogaskólann og námskeið þau sem haldin hafa verið og framundan eru. Ég vil sérstaklega benda verðandi stjórnnum klúbba á hve áriðandi er að sækja þær námstefnur (skólana) sem haldnar verða á þinginu. Það er ómetanlegt fyrir komandi starf í klúbbunum. Halldór Kristjánsson kynningarstjóri fræddi okkur um fjölmundamisþing sem haldið verður

22.-23. apríl á Grand Hótel og að hluta í Lionsheimilinu, en þessu verða gerð betri skil annars staðar í blaðinu.

Ég vil hvetja klúbbana eindregið til að mæta vel á þingið og ég vil benda á að kynningarkvöldið sem haldið verður á Kaffi Reykjavík er kjörinn vettvangur til að hitta Lionsfélaga víðs vegar að af landinu Svo má ekki gleyma að nú heldur fjölmundamið þingið, og því fleiri sem koma því betri verður afkoman. Ekki veitir af.

Heimsóknir

Ég hef nú lokið heimsóknum mínum í klúbbana. Ég gerði mér ljóst fyrirfram að þetta yrði ánægjulegt verkefni en þetta fór fram úr mínum björtustu vonum og hefur verið skemmtilegast af því sem ég hef unnið í þágu Lions. Það að hitta allt þetta Lionsfólk og kynnast störfum þess hefur verið mér mikill lærdómur sem á eftir að nýtast mér vel.

Ég vona að ég hafi lagt eitthvert lið og stuðning með heimsóknum mínum. Sú túlkun hefur verið í gangi að umdæmisstjóra sé ekki skylt lengur að heimsækja klúbba, heldur dugi

svæðisfundir. Þrátt fyrir það er tekið fram í Handbók umdæmisstjóra: „**Be sure all the „clubs“ in your district have an official visitation by you or your designated representative. Governors can visit Clubs individually or jointly at zone level.**“ Þetta túlka ég svo að umdæmisstjóri eða hans fulltrúi geti heimsótt „klúbbana“ hvern fyrir sig eða sameiginlega á svæðisgrundvelli sem er auðvitað skynsamlegt, svo ekki séu gerðar margar ferðir kannski þvert yfir landið. Svæðisfundur er að mínum dómi allt annað, þar sem eingöngu klúbbstjórnir mæta, þótt allir séu velkomnir. Þetta er nú mín túlkun og láí mér hver sem vill. Að lokum þakka ég ykkur öllum þær hlýlegu og góðu móttökur sem ég hef hvarvetna fengið (ég væri alveg til í annan rúnt).

L.C.I.F.

Ég hef eftir bestu getu reynt að kynna starf Alþjóðaverkefnasjóðs Lions, hvað hann hefur gert fyrir okkur og hvað er núna efst á baugi. Það er að sjálfsgöðu hjálparstarfið í SA-Asíu, en þangað hefur sjóðurinn veitt um fimm milljón dollurum. Auk þess er mikill fjöldi Lionsmanna úr klúbbum á þessu svæði að vinna í hjálparstarfinu. Það er ljóst að þarna er mikið uppbyggingarstarf framundan þótt fyrstu hjálp sé um það bil að ljúka. Frá Lionshreyfingunni á Íslandi hafa komið u.þ.b. þrjár milljónir króna og eru framlög bæði stór og smá en allt telur. Þó vil ég geta sérstaklega um höfðinglegt framlag Lkl.Njarðar sem afhenti níu hundruð þúsund til þessa verkefnis.Ég hvet klúbbana að hugsa áfram til Alþjóðasjóðsins okkar.

Fræðsla og nýliðun

Ég vil sérstaklega biðja félagana að kynna sér vel grein eftir Halldór Ólaf Þórðarson formann Lkl. Patreksfjarðar í síðasta blaði. Þar þakkar hann Leiðtogaskólanum okkar að stórum hluta nýliðun í klúbbnum. Þarna kemur fram enn og aftur hversu Leiðtogaskólinn er orðinn mikilvægur í starfi okkar og það er ljóst að við munum standa þétt við bakið á honum, enda er aðsóknin mjög góð. Einnig hafa mörg önnur námskeið verið í gangi í vetur, bæði í Reykjavík og úti á landi og hvet ég félagana til að nýta sér þau sem best. **Fróður félagi er góður félagi.**

Þórólfur Árnason, Lkl. Álftaness, LCIF-stjóri

Skorpuvinna á tímum stóráfalla

Íslendingar eru löngu heimsfrægir fyrir skorpuvinnu, að drífa hlutina af þegar á þarf að halda. Þar stendur líklega hæst, leiðtogafundur Reagans og Gorbatsjovs sem undirbúinn var á nokkrum dögum en talið að menn hefðu ekki ráðið við ef aðdragandinn hefði verið eðlilegur. Sören Langvad, verkfræðingur, sem komið hefur að flestum stórframkvæmdum á Íslandi síðastliðna áratugi, segir að Íslendingar séu sérfræðingar í að koma fantasíum sínum í framkvæmd.

Hamfarirnar í Suð-Austur Asíu

Það eru viðbrögð skyld skorpuvinnunni sem Lions félagar hafa brugðið fyrir sig þegar efnt var til söfnunar á vegum LCIF vegna hamfaranna í SA-Asíu um sl. júl.

Nú þegar hefur fjórðungur klúbba sent inn myndarleg framlög og vitað að von er á fleirum. Snerpan hefur kannski dofnað sums staðar en við vonum að Eyjólfur hressist og að sem allra flestir klúbbar taki þátt í þessu átaki. Eins og fram hefur kom-

ið í fjölmiðlum er ljóst að uppbygging á hamfarasvæðunum er margra ára verkefni og þar verður þörf fyrir framlög Lionshreyfingarinnar svo og allra annarra hjálparsamtaka og því er áframhaldandi stuðningur við LCIF nauðsynlegur.

Á netsíðu LCIF <http://www.lions-tsunami.org> er að finna allar upplýsingar um starfsemi LCIF og Lionsklúbba á hamfarasvæðunum. Vinnuframlag Lionsklúbbanna á svæðunum er ekki síður mikilvægt en fjármunir, en tengsl Lionshreyfingarinnar inni á hamfarasvæðunum tryggja jafnframt að fjármunir sem við leggjum til nýtist.

Við höfum notið góðs

LCIF sjóðurinn var stofnaður 1968 og aðeins fimm árum seinna veitti hann styrk til uppbyggingar Sjúkrahúss Vestmannaeyja eftir Heimaeyjargosið. Vegna náttúruhamfara hafa komið framlög frá sjóðnum vegna snjóflóða í Súðavík og á Flateyri og vegna Suðurlandsskjálftans.

Af öðrum styrkjum sjóðsins má

nefna að sjóðurinn styrkti byggingu Hleinar á Reykjalandi, sem safnað var fyrir í Rauðu-fjarðar-söfnun 1989. Þá hefur sjóðurinn styrkt kaup Lionsklúbba á lækningatækjum árið 2000 og 2003.

Ennfremur hefur sjóðurinn styrkt fræðslustarfsemi Lions á Íslandi, t.d. þýðingar á kennsluefni Lions Quest og Leiðtogaskóla Lions.

Munið eftir LCIF

Nú hvet ég þá klúbba sem enn hafa ekki lagt „Tsunami Relief“ söfnuninni lið að gera það meðan málið er heitt og jafnframt heiti ég á alla Lionsfélaga að muna eftir LCIF framvegis og koma föstu árlegu framlagi til LCIF á fjárhagsáætlun klúbbanna. Það þarf ekki að vera stórt, því eins og allir vita gerir margt smátt eitt stórt, og á öllum tímum eru mörg verkefni sem verðug eru fyrir stóra hreyfingu eins og Lions.

LCIF er okkar vettvangur til sameiginlegrar aðstoðar við þá sem aðstoðar eru þurfi.

Eftir Clement F. Kusiak

Deilum persónulegum árangri með viðeigandi og tímabærri viðurkenningu

Hversu oft er það sem þú hefur látið í ljósi þakklæti við samverkamann, viðskiptavin eða einhvern í fjölskyldunni fyrir það sem vel hefur verið gert eða fyrir sérstakan árangur? Ef þú ert í foruststöðu í Lionsklúbbum veitir þú klúbbfélögum sem þátt hafa tekið í verkefnum reglulega viðurkenningu fyrir þeirra



Clement F. Kusiak

þátt í árangursríku verkefni eða fyrir að styrkja klúbbinn til að leggja lið í bæjarfélaginu? Ég get fullvissað ykkur um að fólk kann vel að meta viðurkenningar fyrir það sem það hefur vel gert og vegna þess heldur það áfram að leggja sitt af mörkum til að ná langtíma markmiðum. Þetta er ástæða þess að ég hef kosið að leggja áherslu á skilning og nauðsyn viðurkenningar sem aðalmarkmið í alþjóðaáætlun þessa starfsárs til að ná árangri í því að deila árangrinum af því að leggja lið.

Það er trúá mín að viðeigandi viðurkenning, veitt af einlægni og við

tækifæri sem til þess er fallið, geti þróast upp í sérstakt listform. Viðurkenningarlistin er því miður vannýtt listform sem ég vona að Lionsfélögum um heim allan skiljist að þurfi að þróa til að gera klúbbana og alþjóðasamtökin betri. Það mun leiða til meiri afkasta vegna þess að þegar félögum er veitt

viðurkenning fyrir árangur fá þeir það á tilfinninguna að þeir hafi lagt sitt af mörkum og verða þar af leiðandi enn áhugasamari. Þetta hefur einnig áhrif á starfsandann í klúbbnum sem verður áhugaverðari fyrir nýja félagar þegar þeir vita að verk þeirra eru metin einhvers.

Leiðirnar til að veita viðurkenningar eru margar. Það má gera með viðurkenningarskildi, viðurkenningarskjali á klúbbfundum eða samkomu þar sem veiting viðurkenninga fyrir árangur félaga í starfi getur farið fram og viðstaddir rísa úr sætum og hylla þá sem viðurkenningar fá.

Viðurkenning getur líka verið óformleg og látlaus en alveg eins áhrifarík. Persónulegt bréf til viðkomandi, starfsárangurslýsing í klúbbblaði eða umdæmisblaði. Jafnvel væri við hæfi að frásögn birtist ásamt mynd af viðkomandi í staðarblaði þannig að samfélaginu yrði gert kunnugt ágæti þess sem í hlut á. Hvernig væri að bjóða slíkum félaga í hádegis- eða kvöldverð, sér eða í hópi klúbbfélaga. Jafnvel einlægt og óvænt „takk“ kemur heim vitneskjunnar um að verk þeirra sem metin að verðleikum. Því hefur verið haldið fram að viðurkenningarorð séu sterkasta afl hins góða.

Það er í raun urmull leiða sem leiðtogar hreyfingarinnar geta nýtt sér til að veita viðurkenningar fyrir vel unnin störf. Gjöf eins og kaffi-krús, sérpakkað sælgæti, blóm eða penni - listinn er ótæmandi. Framlag til LCIF í nafni viðkomandi, bókar-gjöf með viðeigandi áritun, garðþjónustu eða bílþvottarskrift eða önnur þjónusta.

Auk þess að veita viðurkenningu

fyrir framúrskarandi vinnu við sérstök verkefni þá þarf að leita leiða til þess að umbuna þeim félögum sem árum saman hafa starfað af samviskusemi og alúð við að viðhalda styrk klúbbsins og stöðu hans í samfélaginu. Þetta verður einnig til þess að yngri félagar láta ekki deigan síga.

Leiðirnar til veitinga viðurkenninga eru margar og fjölbreyttar. Notið hugmyndaflugið til að finna út hvaða leið er best. Það sem er samt þýðingarmest er að þeir sem þakkað er sé full ljóst að félagar þeirra viti fyrir hvað viðurkenningin er. Þeir verða að gera sér grein fyrir því að þeirra árangur er árangur klúbbsins og væri þeirra störfum ekki fyrir að fara þá væri vegur klúbbsins ekki eins mikill.

Viðurkenning við hæfi er list sem leiðtogar hreyfingarinnar verða að þróa. Þá verður ekki skortur á mönnum og konum í hreyfingunni til að halda á lofti merkjum Lionshreyfingarinnar og því „að leggja lið“ í þágu samfélagsins.

Eftir Jay Copp hjá alþjóðaskrifstofu

Fljótablinda í Suður Ameríku

Svartar smáflugur suða og bíta verkamenn á kaffiekrunum í Guatamala og Mexicó.

Í Equador og Columbíu leggja flugurnar til atlögu við þá sem búa nálægt ám. Í Brasilíu og Venezuela reyna þeir sem leið eiga um regnskóga Amazon að verjast flugunum.

Flugurnar eru ekki aðeins til óþæginda, Með bitinu koma þær fyrir örlitlum ormum og afkomendur þeirra dreifa sér um líkamann. Pöddurnar valda óþægilegum kláða, húðskellum og, í verstu tilfellum, blindu. Sjúkdómurinn hefur þau áhrif að hann kemur í veg fyrir að fólk geti stundað vinnu sína, unnið við uppskeru og annast börnin sín.

Ástæðan fyrir nafngiftinni „fljótablinda“ er sú að svörtu smáflugurnar tímgastrá í straumhörðum ám. Gera má ráð fyrir að 180.000 manns séu smitaðir fljótablindu í sex ríkjum Suður Ameríku og 500.000 eru í hættu.

Með sameinuðu átaki Lions og annarra gæti séð fyrir endann á

fljótablindu í Suður Ameríku. Sight-First hefur verið í samstarfi við Carter-stofnunina síðan 1995 til að koma í veg fyrir fljótablindu í Suður Ameríku og Afríku. Tveggja milljón dollara styrkur SightFirst til Carter-stofnunarinnar í nóvember miðar að því að koma í veg fyrir sjúkdóminn í Suður-Ameríku 2010. Styrkurinn mun eiga sinn þátt í því að kynslóðir framtíðarinnar þurfa ekki að óttast það að verða blindir af annars læknanlegum augnsjúkdómi.

Lionshreyfingin lætur ekki staðar numið við það eitt að veita fé til baráttunnar gegn fljótablindu, hreyfingin leggur einnig til her sjálfbóðaliða til að fylgjast með og tryggja árangurinn af úthlutun lyfja.

Um heim allan eru 17.7 milljónir manna sem sýkst hafa af fljótablindu. Hálf milljón hefur skerta sjón og 270.000, flestir í Afríku, eru blindir vegna sjúkdómsins samkvæmt Alþjóða Heilbrigðisstofnuninni WHO.

Formaður LCIF 2004-2005 Dr. Fae-



Fyrirverandi Alþjóðaforseti Austin Jennings ásamt Jimmy Carter fyrirverandi forseta Bandaríkjanna við afhendingu tveggja milljóna dollara til baráttunnar við fljótablindu.

Sup Lee segir að Lionsmenn hafi verið „riddarar hinna blindu“ í nær 80 ár og að félagarnir geti verið sérstaklega

hreyknir af þeim þætti sem þeir hafa átt í því að sporna við þessum skelfilega sjúkdóm í Suður-Ameríku.

Framboð til embættis fjölumdæmisstjóra



Geir Hauksson.

Geir Hauksson Lkl. Hafnarfjarðar hefur boðið sig fram til embættis fjölumdæmisstjóra starfsárið 2005–2006.

Geir er fæddur í Reykjavík 24. júní 1940, en ólst upp í Kópavogi.

Hann vann við ýmis störf bæði til sjós og lands framán af, en hélt síðan til flugvirkjanáms í Bandaríkjunum og hefur síðan starfað sem flugvirki og flugvélstjóri hjá Loftleiðum síðar Flugleiðum.

Geir fluttist til Hafnarfjarðar 1970 og gekk í Lionsklúbb Hafnarfjarðar 10. maí 1984. Hann var gjaldkeri klúbbsins 1987–1988, formaður 1990–1991 og svæðisstjóri var Geir á svæði 6 1998–1999. Auk þessara embætta hefur Geir starfað í flestum nefndum klúbbsins nú síðast í stjórn þingnefndar Hafnarfjarðarklúbbanna vegna fjölumdæmisþings sem haldið var í Hafnarfirði 2003 en þar var Geir kosinn til embættis varaumdæmisstjóra. Klúbburinn útnefndi hann Melvin Jones félagi árið 2002.

Eiginkona Geirs er Jörunn Jörundsdóttir gjaldkeri á Hrafnistu Hafnarfirði. Hún er í Lionsklúbbnum Kaldá í Hafnarfirði. Þau eiga tvær dætur og eitt barnabarn.

Framboð til embættis umdæmisstjóra 109A



Guðmundur Rafnar Valtýsson.

Guðmundur Rafnar Valtýsson hefur verið boðinn fram til embættis umdæmisstjóra 109A starfsárið 2005–2006 af Lionsklúbbi Laugardals.

Guðmundur er fæddur í Miðdal,

Laugardal, 13. október 1937. Hann stundaði nám við Kennaraskólann í Reykjavík og útskrifaðist þaðan 1959. Guðmundur var skólastjóri við Grunnskólann á Laugarvatni frá 1959 til 1997 og síðan oddviti Laugardalshrepps til 2002.

Hann gekk til liðs við Lionsklúbb Laugardals við stofnun hans 1972 og hefur gegnt flestum klúbbembættum, meðal annars verið formaður og svæðisstóri og er það í annað sinn starfsárið 2004–2005

Eiginkona Guðmundar er Ásdís B. Einarsdóttir kennari og eiga þau þrjú uppkomin börn.



Framboð til embættis umdæmisstjóra 109B



Valdimar Þorvaldsson.

Valdimar Þorvaldsson hefur verið tilnefndur frambjóðandi til embættis umdæmisstjóra 109B starfsárið 2005–2006 af Lionsklúbbi Akraness.

Valdimar er búsettur á Akranesi, varð búfræðingur frá Hólum 1972 og vélvirki frá Iðnskólanum Akranesi 1976. Eiginkona Valdimars er Oddný Erla Valgeirsdóttir, stuðningsfulltrúi,

nemandi í kennaradeild HA. Börnin eru fjögur og barnabörnin tólf.

Valdimar er nú umsjónarmaður sormála á Akranesi.

Valdimar gekk í Lionsklúbb Akraness 3. nóvember 1987. Hann var meðstjórnandi 1991–92, ritari 1998–99, formaður 1999–2000 auk þess sem hann hefur verið formaður og nefndarmaður í fjölmörgum nefndum á vegum klúbbs síns.

Valdimar hefur starfað að sveitarstjórnarmálum og verið í fjölmörgum nefndum á vegum Akraneskaupstaðar. Var formaður Sveinafélags málmiðnaðarmanna á Akranesi 1993–1996 og er nú formaður Starfsmannafélags Akraness, situr í stjórn BSRB og einnig í nefndum tengdum Starfsmannafélagi Akraness og BSRB.



Framboð til embættis varaumdæmisstjóra 109A



Björgúlfur Þorsteinsson.

Björgúlfur Þorsteinsson rafvirkjameistari og kennari við Iðnskólann í Hafnarfirði.

Fæddur í Reykjavík 28. september 1957. Vesturbæingur í Rvík og lauk þar gagnfræðaskólaprófi.

Var vinnumaður á sumrin, hjá afa sínum Tómasi Lárussyni bónda og hestamanni í Mýrdalnum.

Flutti til Hafnarfjarðar með for-

eldrum sínum árið 1974 og hóf nám í rafvirkjun.

Útskrifaðist frá Iðnskólanum í Hafnarfirði vorið 1977 og lauk sveinsprófi 1978. Stundaði nám við Flensborgarskóla í tungumálum, stærðfræði og tölvufræðum. Lauk námi við Kennaraháskóla Íslands í uppeldis- og kennslufræðum vorið 2003. Hóf störf við Iðnskólann í ársbyrjun 2001.

Eiginkona Björgúlfs er María Davíðsdóttir leiðbeinandi, fædd og uppalin á Fossum í Landbroti í Vestur Skaftafellssýslu. Þau eiga þrjár dætur, Láru Kristínu 1979, Karítas 1983 og Björk 1987 og dóttursoninn Úlf Atlason 2000.

Björgúlfur gekk í Lkl. Hafnarfjarðar haustið 1987. Hefur hann verið formaður, ritari og gjaldkeri ásamt flestum öðrum hefðbundnum embættum í klúbbnum. Fékk nokkur tækifæri til að starfa í umdæmis- og fjölumdæmisstjórn; m.a. við vinnuvarnarsveit, Leomál, augnvernd og fl. Núverandi svæðisstjóri á svæði 6.

Hefur hlotið nokkrar viðurkennningar m.a. fyrir 15 ára samfellda 100% mætingu.

Framboð til embættis varaumdæmisstjóra 109B



Jón Gröndal.

Jón Gröndal sem er í framboði til embættis varaumdæmisstjóra í 109B hefur verið Lionsmaður síðan 1976.

Fyrst í Lionsklúbbi Grindavíkur og núna síðustu 3 árin í Lionsklúbbum Nirði í Reykjavík. Hann hefur gegnt öllum helstu embættum í Lionsklúbbi Grindavíkur m.a. verið formaður þrisvar sinnum. Hann sat í umdæmisstjórnnum í mörg ár. Hann var umdæmisstjóri í 109 A starfsárið 1996 - 1997 og fjöllumdæmisstjóri hreyfingarinnar 1997 - 1998. Hann sat í fjölda ára í fjöllumdæmisráði og var ritstjóri Lionsblaðsins í nokkur ár. Starfi co-ordinators Norðurlandanna á alþjóðþingi gegndi hann frá 2001 - 2003. Jón hefur í fjölda ára kennt í formannaskólanum á fjöllumdæmisþingi. Hann er kvæntur Dórotheu Emilsdóttur og eiga þau 3 börn og 1 barnabarn.

Framboð til embættis fjöllumdæmisgjaldkera



Halldór Kristjánsson.

Halldór Kristjánsson, er fæddur 29. maí 1952 og er rafmagnsverkfræðingur að mennt.

Hann er kvæntur Jennýju Ágústsdóttur, tannlækni, og eiga þau tvær dætur, Valgerði Guðrúnu 22 ára og Guðrúnu Helgu 13 ára. Fjölskyldan hefur búið í Hafnarfirði frá árinu 1978.

Halldór er sonur Kristjáns Sigurðssonar, læknis og Lionsmanns í Keflavík, sem lést árið 1997 og Valgerðar Guðrúnar Halldórsdóttur, fyrrverandi Lionessu sem lést árið 2000.

Halldór hefur gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum fyrir Lionshreyfinguna og klúbbinn sinn, Lkl. Ásbjörn í Hafnarfirði, síðan hann gekk í hann í nóvember árið 1979.

Hann var LCIF fulltrúi og gjaldkeri umdæmisins starfsárið 1983-84, fjöllumdæmisgjaldkeri starfsárin 1984-85 og 1985-86, útbreiðslustjóri umdæmisins 1989-90 en þá stofnaði hann tvo klúbba, Fold og Fjörgyn.

Hann var svæðisstjóri á svæði 6 í umdæmi 109A starfsárið 1990-91. Starfsárið 1996-1997 var Halldór varaumdæmisstjóri í umdæmi 109 A, starfsárið 1997-1998 umdæmisstjóri í 109 A og fjöllumdæmisstjóri 109 starfsárið 1998-1999. Árið 1998 stofnaði hann, ásamt öðrum, klúbbinn Ask í Reykjavík. Halldór hefur starfað óslitið í fjöllumdæminu síðan hann lét af störfum sem fjöllumdæmisstjóri 1999. Meðal annars var hann útbreiðslustjóri 1999-2002, þingstjóri fjöllumdæmisins 2003-2004 og er nú kynningarstjóri fjöllumdæmisins (2004-2006). Halldór var formaður þingnefndar Hafnfirðinga þegar þingið var haldið í Hafnarfirði 2003.

Halldór hefur, ásamt fjölskyldu sinni, sótt alþjóðþing í Philadelphia 1997, Birmingham 1998 og San Diego 1999. Auk þess hefur hann sótt fjöllumdæmisþing á Norðurlöndum og NSR þing á Íslandi, í Noregi (Asker), Svíþjóð (Malmö) og í Danmörku (Aalborg). Þá sótti Halldór, ásamt Jennýju, Evrópu Fórum í Búdapest.

Framboð til embættis fjöllumdæmisritara



Örn Gunnarsson.

Örn Gunnarsson er í framboði til embættis fjöllumdæmisritara næsta starfsár. Örn fæddist 7. júlí 1950 í Hafnarfirði. Hann gekk í Lionsklúbbinn Ásbjörn í október 1983 og hefur því starfað innan Lionshreyfingarinnar síðastliðin 22 ár. Hann hefur gegnt ýmsum störfum fyrir sinn klúbb. Var hann ritari klúbbsins 1990 - 1991 og 2004 - 2005. Var formaður starfsárið 1994 - 1995. Örn

hefur verið með 100% mætingu frá upphafi.

Á undanförunum árum hefur Örn tekið að sér störf fyrir umdæmi og fjöllumdæmi.

Þau eru:

Fjöllumdæmisritari	1996 - 1997
Umdæmisritari 109-A	1997 - 1998
Fjöllumdæmisritari	1998 - 1999
Varaumdæmisstjóri 109-A	1999 - 2000
Umdæmisstjóri 109-A	2000 - 2001
Fjöllumdæmisstjóri	2001 - 2002
Fjöllumdæmisritari	2003 - 2004
Fjöllumdæmisritari	2004 - 2005
Umsjón með heimasíðu fjöllumdæmis	1996 - 2005

Örn hefur hlotið margháttaðar viðurkenningar fyrir sín störf og hefur meðal annars verið gerður að Melvin Jones félagi.

Örn er grunnskólakennari að mennt. Hann hefur starfað við kennslu síðan 1972 og hefur aðallega kennt á unglingastigi. Núverandi vinnustaður hans er Lækjarskóli í Hafnarfirði.

Örn er kvæntur Jóhönnu Valdemarsdóttur, sérkennara og félagi í Lionsklúbbum Kaldá í Hafnarfirði. Saman eiga þau tvö uppkomin börn og eitt barnabarn.

SKONDIÐ • SKONDIÐ

Oscar Wilde sagði einhverntíma að sér léti best að tala um ekki neitt, því það væri það eina sem hann vissi eitthvað um.

* * *

Menn taka sér ýmsilegt fyrir hendur á efri árum og þótti tíðindum sæta að Jóhann Sigvaldason, bátasmiður á Húsavík, góðkunningi Steingríms í Nesi í Aðaldal, fékk sér veiðistöng og hjól. Skreppur síðan til Steingríms og fara þeir þegar á bát út á Breiðuna í Laxá í Aðaldal. Jóhann kastar fyrir laxinn, sem stökk allt í kringum bátinn, en varð ekki var.

Þá segir Steingrímur: „Eigum við ekki að skipta?“ „Jú“ segir Jóhann og sest undir árar, en Steingrímur kastar. Skiptir þá engum togum, að lax er á hjá Steingrími.

Þá varð Jóhanni að orði: „Parna sérðu, Steingrímur, það er ekki sama hvernig róíð er.“

* * *

Lífisfyllinguna hefur sá maður öðlast sem tekist hefur að öngla saman meira fé en eiginkonunni hefur tekist að eyða. Lífisfyllinguna hefur hinsvegar sú kona öðlast sem hefur nælt sér í slíkan mann. - Lana Turner

Kynning frambjóðanda Einar Þórðarson Lkl. Fjörgyn



Einar Þórðarson.

Einar Þórðarson hefur boðið sig fram í embætti unglingskiptastjóra fjöllumdæmisins til næstu þriggja ára. Hann er fæddur 22. ágúst 1954, ólst upp í Keflavík og er lærður kerfisfræðingur.

Hann hefur verið Lionsfélagi í 15 ár, er stofnfélagi í Lkl. Fjörgyn í Grafarvogi sem var stofnaður 1990. Hann var ritari klúbbsins 1993–1994, formaður 1997–1998 og hefur starfað í flestum nefndum hans, var gerður að Melvin Jones félagi 1996. Hann hefur einnig verið virkur í umdæmisstjórn frá 1998 og í fjöllumdæmisráði frá 1999. Hefur hann starfað sérstaklega að unglingsmálum. Hann og klúbbur hans stóðu að baki áskorun um breytingu á fyrirkomulagi

unglingabúðanna hér á Íslandi 1997, var í undirbúningsnefnd unglingsbúða Lions og búðastjóri fyrstu búðanna sumarið 1999 að Laugarvatni.

Embætti sem hann hefur gegnt eru m.a.: Unglinga- og Leófulltrúi, í nokkur ár, svæðisstjóri 1998–1999, unglingsmálastjóri 2000–2002, formaður þingnefndar 2001 á 50 ára afmæli hreyfingarinnar, þingstjóri 2000 og 2002, sótti leiðtogaskóla Lions í Portúgal, hefur setið nokkur NSR þing og Evrópu Fórum, kennari í Leiðtogaskóla Lions, umdæmistjóri 109 B 2003–2004, tók þátt í stofnun Lkl. Skagastrandar 2004, er félagastjóri 2004–2005, er nú, ásamt Lkl. Nirði, að vinna að nýjum Lionsklúbbsi í Grafarholti sem væntanlega verður stofnaður í vor.

Eiginkona Einars er Bergljót Jóhannsdóttir, leikskólalastjóri á Sjónarhóli í Grafarvogi og eiga þau þrjú börn, Sigrúnu Björk, Ragnhildi og Tómas Gauta.

Kynning frambjóðanda Kristjana E. Guðlaugsdóttir Lkl. Æsu, Njarðvík



Kristjana E. Guðlaugsdóttir.

Kristjana E. Guðlaugsdóttir Lkl. Æsu, Njarðvík býður sig fram til unglingskiptastjóra fyrir starfsárið 2005–2008. Kristjana gekk til liðs við Lionshreyfinguna árið 1999. Hún hefur gegnt ýmsum nefndarstjörfum í sínum klúbbsi og er varaformaður klúbbs síns næsta starfsárs.

Kristjana er unglingskiptafulltrúi í umdæmi 109 A og hefur sinnt því síðan 2001. Hún hefur unnið að undirbúningi unglingsbúða á Íslandi og sótt námstefnur um unglingskipti á Norðurlandþingum.

Kristjana á fjögur börn Elínrósu, Huldu Sigrúnu, Tinnu Björk og Alexander Hauk en sambylíismaður Kristjónu er Erlingur Leifsson.

Munið verkefnasjóðinn

Munið minningarkort Lions

Hin nýju fallegu minningarkort Lions eru nú fáanleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122. Styrkjum fjölbreytt líknarverkefni Lionshreyfingarinnar

Lionshreyfingin

Hörður Sigurjónsson, formaður Lkl. Njarðar

Stofnun Lionsklúbbs í Grafarholti

Lionsklúbburinn Njarður í Reykjavík hefur undanfarnar vikur unnið að stofnun á nýjum Lionsklúbbsi í Grafarholti. Félagar úr Nirði gengu með bréf í hús í Grafarholtinu og boðuðu til kynningarfundar sem var svo haldinn í safnaðarsal Grafarholtssóknar. Farið var vítt og breitt yfir störf og verkefni Lionshreyfingarinnar; það sem Lions stendur fyrir, starfsemi klúbbs, ýmis námskeið sem félögum stendur til boða o.m.fl.

Einar Þórðarson félagastjóri Lions var kynnr fundarins, Hörður Sigurjónsson formaður Lkl. Njarðar sagði frá Lionshreyfingunni, Arnar Hauksón sagði frá sínum klúbbsi, sem er



Hörður Sigurjónsson.

Lionsklúbburinn Njarður, Hákon Hákonarson kynnti Sjónarhól - ráðgjafamiðstöð og hugmyndir að góðum verkefnum og Jón Gröndal ræddi um félagsstarf hreyfingarinnar, námskeið og verkefnastyrki.

Var fundurinn á léttu nóttunum með kaffi og kleinum. Þarna mættu

bæði karlar og konur og skráðu sig 11 áhugasamir aðilar um stofnun Lionsklúbbs. Ákveðið er að stofna karla-klúbb í hverfinu en þeim konum sem hafa áhuga á að ganga í hreyfinguna verður boðið til liðs við annan kvennahóp. Í nýju hverfi er gott að hafa sterk félagasamtök sem geta stutt við uppbyggingu hverfisins og



þar getur Lionsklúbbur verðið góður stuðningsaðili. Slíkur klúbbur gæti beitt sér á ýmsan hátt að aukinni velferð barna og unglinga eða að öðrum brýnum málum í hverfinu og um fram allt lagt góðum málefnum lið.

Í Lions eru karla- og kvennaklúbbar auk blandaðra klúbba en allir starfa


þeir að sama markmiði undir kjörorðinu „Við leggjum lið“. Í Lions er mikið félagsstarf og góður vettvangur til að efla og þroska sjálfan sig.

Stofnfundurinn verður haldinn miðvikudaginn 20. apríl, kl. 18:00, á Holtakránni. í Grafarholti.


Tekju- og gjaldaskipting

Lionshreyfingarinnar á Íslandi starfsárið 2003–2004

Gjöld 2003-2004




Tekjur 2003-2004




Tekju- og gjaldaskipting

Alþjóðasamtaka Lionsklúbba 2003–2004

Revenue 2003-2004



Expenditures 2003-2004



The International Association of Lions Clubs

Revenue and Expenditures - General Fund Year Ended June 30, 2004

All Figures Shown in U.S. Dollars (thousands)

Revenues were US\$8.4 million more than the prior year; primarily due to the 2003 dues increase and improved investment results.

Expenses were US\$2.8 million more than prior year due to reinstatement of programs resulting from the adoption of the dues increase amendment.

Revenue 2003-2004

International Dues	\$ 39,101
Entrance Fees and Charter Fee	3,239
Investment Income	2,647
Additional Convention Revenue	1,017
Other	2,255
Total	\$ 48,259

Expenditures 2003-2004

International Convention and Meetings	\$ 3,828
The Lion Magazine	7,290
District Governors and District Governors-Elect	6,516
International Officers and Board of Directors	3,339
Liability Insurance	2,085
Club and District Program Support	13,795
International Headquarters	7,091
Uncollected Dues	1,200
Total	\$ 45,144

Andrés Erlingsson, varaformaður Lkl. Ægis

Borgarferð Sólheimabúa



Lionsklúbburinn Ægir hefur, allt frá stofnun árið 1957, lagt mikla áherslu á að styrkja uppbyggingu og starfsemi Sólheima í Grímsnesi. Nú, í annað sinn, hafa Ægismenn haldið svokallaðan Sólheimadag þar sem heimilisfólki hefur verið boðið að koma til Reykjavíkur í dagsstund og lyfta sér upp með ýmsum hætti.

Það var fríður hópur nær 50 heimilismanna sem sóttir voru í rútu Lionsmanna sunnudaginn 21. nóvember síðastliðinn. Lagt var af stað upp úr hádegi frá Sólheimum og lá leiðin að Smáralindinni í Kópavogi, en forsvarsmenn hennar styrktu þessa ferð af miklum rausnarskap

með því að bjóða Ægismönnum að koma með hópinn í heimsókn til sín þennan dag.

Sælustund í Smáralind

Komið var í Smáralind um nónbil en þar beið gestanna skipulögð dagskrá þar sem byrjað var á að bjóða þeim að borða á T.G.I. Friday's. Nutu gestirnar afar góðra veitinga um leið og Erla Friðriksdóttir markaðsstjóri Smáralindar bauð þá velkomna og gaf þeim derhúfur að gjöf. Einnig fengu allir falleg barmmerki frá T.G.I. Friday's.

Eftir að eftirréttinum hafði verið gerð góð skil var gestunum gefinn

tími til að rölta um Smáralindina þar sem þau gátu m.a. skoðað Jólalandið og þá skemmtilegu jólastemmingu sem allar jólaskreytingarnar settu á húsið. Þaðan lá leiðin inn í Vetrargarðinn en þar var að hefjast skemmtunin „Stóra stundin okkar“ þar sem margir af þekktustu söngvurum ungu kynslóðinnar sungu barnalög af ýmsu tagi undir dyggri stjórn Birtu og Bárðar úr Stundinni okkar. Má þar nefna að meðal söngvara voru Selma, Birgitta, Sveppi, Anna Katrín, Jónsi, Sverrir, Felix, Nylon og Jón Sig. Skemmti heimilisfólkið sér afar vel yfir dagskránni og að lokinni sýningunni fékk það að hitta söngvarana ásamt öðrum gest-

um og skrifuðu stjórnurnar eiginhandararitanir á húfur heimilisfólksins til minningar um vel heppnaða skemmtun.

Það voru ánægðir og sáttir íbúar Sólheima sem héldu heim eftir viðburðaríka heimsókn í höfuðstaðinn og sáu Lionsmenn um að þeir fengju léttar veitingar á leiðinni til að fullkomna daginn. Vill Lionsklúbburinn Ægir þakka forsvarsmönnum Smáralindar sérstaklega vel fyrir frábært framlag og skemmtilega dagskrá sem gerði heimsókn heimilisfólksins á Sólheimum að viðburðaríkum og eftirminnilegum degi.



Einar Þórðarson, Lkl. Fjörgyn

Af hverju rækt við unglingskiptin

Þegar Lionshreyfingin tók þá ákvörðun að breyta fyrirkomulagi unglingskiptanna var það unglingsstarfi hreyfingarinnar til heilla og hefur leitt af sér gott samstarf milli klúbba og svæða. Fyrstu eiginlegu unglingskiptin voru haldnar sumarið 1999 að Laugarvatni og síðan hafa þær verið haldnar árlega vítt og breitt um landið. Allir sem hafa staðið fyrir unglingskiptum hafa sagt að þetta séu með skemmtilegri verkefnum sem hægt sé að vinna að innan Lions. Margir þeirra hafa jafnframt boðist til að gera það aftur - og það eru bestu meðmælin. Einnig hafa unglingskiptin verið mjög ánægðir og farið glaðir heim eftir ánægjulega og viðburðaríka dvöl á Íslandi.

Unglingskiptin eru tvískipt. Annars vegar tökum við á móti erlendum unglingskiptum og bjóðum þeim í okkar

unglingskiptin auk heimilisdvölar. Þessi hluti er kominn í nokkuð fastar skorður. Hins vegar sendum við unglingskiptin til útlanda, líka í unglingskiptin og heimilisdvöl. Þennan hluta þurfum við að rækta betur og koma í fastari farveg.

Sumir sjá ekki tilgang í því að senda unglingskiptin utan en aðrir nýta alltaf sitt tækifæri þegar það gefst. Klúbbar eru með mismunandi skoðanir á þessu verkefni og áhuga. Ef til vill þurfum við að breyta áherslunum varðandi verkefnið og skoða það frá öðru sjónarhorni. Fyrir flesta unglingskiptin er þetta eitt það skemmtilegasta sem þeir hafa gert og á ensku kallast þetta „once in a lifetime“ upplifun. Þarna hafa margir eignast erlenda vini ævilangt og fengið nýja sýn á heiminn.

En hvers vegna erum við hér á Ís-

landi í unglingskiptum og alþjóðsamskiptum?

Við erum alþjóðahreyfing og erum hluti af stærstu líknarhreyfingu í heimi, sem starfar í 193 löndum. Unglingskiptin eru eitt besta verkefnið innan Lions til að viðhalda tengslum innan Lionshreyfingarinnar um allan heim. Þetta verkefni er einnig eitt af grunnstoð þess góða samstarfs sem er milli Norðurlandahljóðanna og fleira má telja.

Með unglingskiptum er Lionshreyfingin að segja okkur að hún vill starfa með ungu fólki og vill standa að verkefnum er mæta þörfum ungs fólks. Markmiðið er að hjálpa ungu fólki að verða ábyrgir þjóðfélagsþegnar. Þessi vettvangur er einnig leið til að auka samskipti milli Lions og unglingskiptin. Með þeim gefst Lionsfélögum kostur á að starfa með og virkja ungt fólk til að ná markmiðum sínum og þjóna öðrum.

Ef Lionsklúbbar vilja styðja við bakið á ungu fólki þá er vinna með unglingskiptum eitt besta verkefnið, og það gerum við m.a. með unglingskiptum. Við eigum líka að gera unglingskiptin mun sýnilegra innan Lionshreyfingarinnar. Þess vegna eiga klúbbar að;

- 1) Taka virkan þátt í unglingskiptum.
- 2) Taka að sér að reka unglingskiptin.
- 3) Koma á unglingskiptum í heimabyggð.

Ég hef boðið mig fram í embætti unglingskiptastjóra næstu þrjú ár. Ástæða þess er áhugi minn á unglingskiptum innan Lionshreyfingarinnar. Ég hef starfað mikið að þessum málum fyrir hreyfinguna og vonast til að geta gert það áfram á þessum nýja vettvangi.

Á kynningarfundum um Lionsstarfið og hreyfinguna á Reyðarfirði fyrir kömmu var staddur Ómar Bogason, ötull Lionsfélagi í Lionsklúbbi Seyðisfjarðar. Fyrir nokkrum árum hugsaði hann með sér: „Lions er ekki fyrir mig“. Hann át það svo ofan í sig nokkrum árum seinna. Ávarp Ómars fylgir hér á eftir.

Fundarstjóri, ágætu fundarmenn.

Maðurinn sem hér stendur er dæmi um mann sem hugsaði með sér fyrir nokkrum árum: Lions! Nei, það er ekki fyrir mig. Lions er fyrir þá sem nenna að sitja á rassinum einu sinni til tvisvar í mánuði, borða mat, drekka kaffi og spjalla um daginn og veginn. Ég ætlaði sem sagt bara að halda áfram að spila minn fótbolta og síðan, þegar hnén og eitthvað fleira færi að gefa sig, þá var ég tilbúinn til að að detta í eina delluna til viðbótar þ.e. golfið. Visslega gerði ég það, sparka ennþá í tuðruna og hamast við að berja á litlu hvítu kúlunni, en!

Maðurinn sem hér stendur er líka dæmi um mann sem hafði rangt fyrir sér, Lions var nefnilega fyrir mig, en hvers vegna? Mig langar til að segja ykkur stutta sögu af mér og mínum ferli sem Lionsmanni.

Ég er fæddur og uppalinn á Djúpavogi en í byrjun árs 1999 flutti ég með fjölskyldu mína til Seyðisfjarðar og í því litla notarlega samfélagi búum við nú. Á Djúpavogi var lítill Lionsklúbbur og meðal annarra í honum var faðir minn Bogi Ragnarson. Á þeim tíma var það sem sagt ekki í mínum kalli að gerast Lionsfélagi þó svo að minn kæri skólastjóri Ingimar Sveinsson hafi boðið mér að koma á fundi sem gestur nokkrum sinnum.

Ég sé eftir því nú að hafa ekki þegið það, en allt á sinn tíma og síðar var mér boðið á fund, nú í heimabæ mínum Seyðisfirði. Það var síðla árs 2002 sem Rúnar S. Reynisson, öflugur Lionsfélagi og læknir á Seyðisfirði, hringdi í mig og bauð mér á fund. Ég get nú verið duglegur að segja já, og sagði því já takk við doktorinn að þessu sinni, þó svo að hugur hafi ekki endilega fylgt máli þá!

Það var þá, ég segi alveg eins og er, að strax á fyrsta fundi leist mér vel á! Hópurinn sem blasti við mér, þ.e. mennirnir sem þarna sátu brosmildir, borðandi mat, drekkandi kaffi og spjallandi, voru bara ansi hressilegir og sprækir með endemum. Eftir þetta var ekki aftur snúið og pilturinn sem hafði talið sjálfum sér trú um að Lions væri ekki fyrir hann er sennilega orðinn með þeim harðari í



Ómar Bogason.

að segja öðrum frá því að fótbolti, golf og Lions séu hreint út sagt frábært sport! En hvað er það sem gerir það svo áhugavert að vera félagi í Lions?

Í mínum huga er það sérstaklega tvennt:

Í fyrsta lagi, þar er svo gaman. Allt sem við gerum í tómsundum okkar þarf

helst að vera skemmtilegt til að það lukkast vel. Í okkar klúbbi höldum við skemmtikvöld, erum með síðameistara sem heldur uppi óhefðbundinni skemmtun í tíma og ótíma, aðallega ótíma, annálalestur er ómissandi og svona mætti lengi telja.

Í öðru lagi. Það er svo gefandi, slagkraftur starfsins er hreint út sagt ótrúlegur en þessu tók ég strax eftir í klúbbum mínum. Sem dæmi má nefna að sjúkrahúsið á Seyðisfirði

sem skiptir staðinn okkar gríðarlega miklu væri ekki það sem það er í dag ef ekki væri með stuðningi Lions, það fullyrði ég vegna þess að það veit ég. Allar þær gjafir sem forstöðumenn sjúkrahússins hafa veitt viðtöku með þakklæti að okkur viðstöddum eru til vitnis um það. Margt fleira sem ekki verður talið upp hér er einnig vitnisburður um mikilvægi Lions í litlu brothættu samfélagi okkar.

Í litlum bæ eins og okkar finnum við svo vel hversu mikil þörf er fyrir mannúðarsamtök eins og okkar, við þurfum að gæta vel að hverri skel og því sem þar býr undir og við vitum að keðjan hversu þykk sem hún er þá heldur hún aldrei meiru en veikasti hlekkurinn þolir.

Ég segi stundum að í mínum klúbbum séum við svo lánsamir að eiga stórar og sterkar jarðýtur sem ýta

okkur hinum áfram. Með því er ég ekki að segja að við hinir séum eitthvað slappir, aldeilis ekki, heldur það að maður þarf ekki að vera einhver eldhugi til að ganga í Lions eða að starfa í Lions, maður þarf aðeins að hafa gaman af því að hitta fólk og njóta þess síðan að láta gott af sér leiða. Njóta þess t.d. að verða þínulítið montinn þegar konan, í þessu tilfelli miklu líklegra afkvæmið, fer í sónar á sjúkrahúsinu og geta sagt, ja, þetta keyptum við Lionsmenn og fórum létt með það, Lionsmennirnir sem sötra kaffið á fimmtudagskvöldum!

Að lokum óska ég ykkur Reyðfirðingum til hamingju með alla þá uppbyggingu sem hér á sér stað og vona það svo innilega að hér verði til öflugur Lionsklúbbur innan tíðar, ört stækkandi samfélag ykkar þarf á því að halda.

Anna Pála Þorsteinsdóttir, ritari, Lkl. Björk

Stofnfélaginn vinsæli



Ásta Búadóttir og Hólmfríður Friðriksdóttir.

Lionsklúbburinn Björk á Sauðárkróki hafði þann heiður að gera einn Lioness-stofnfélaga sinn að Melvin Jones félagi þann 11. okt. 2004. Þessi félagi er Hólmfríður Friðriksdóttir (Lilla) sem við erum allar stoltar af að hafa í klúbbum okkar. Hún hefur ávallt verið einn jákvæðasti félagi klúbbsins, alltaf til í allt. Hún hefur gegnt öllum embættum, setið í öllum nefndum og með sitt

góða skap hefur hún verið ómissandi í skemmtinefnd. Það hefur verið frábært að starfa með henni. Einnig hefur hún verið fulltrúi hreyfingarinnar við ýmis tækifæri ásamt eigin-

manni sínum Jóni Karlssyni fyrrverandi umdæmisstjóra.

Við erum henni svo innilega þakklátar og óskum henni velfarnaðar og Guðs blessunar í framtíðinni.

Lionsmenn í sjöunda himni

Lionsmenn á Sauðárkróki héldu jólaskemmtanir 29. desember sl. og voru í sjöunda himni með viðtökurnar. Um 500 manns mættu á barnaball í Íþróttahúsinu á Sauðárkróki og rúmlega 100 unglingar á skemmtun á Kaffi Krók um kvöldið.

Barnaballið er sennilega fjölmennasta jólaskemmtun á Króknum í fleiri, fleiri ár í það minnsta og vonandi eru jólaböllin komin til að vera. Lionsmenn vilja koma á framfæri þakklæti til hinna fjölmörgu sem lögðu hönd á plóginn.



Eiríkur Loftsson, Lkl. Sauðárkróks.

Unglingabúðirnar í sumar

Á komandi sumri verða unglingabúðir Lionsshreyfingarinnar á Íslandi haldnar að Hólum í Hjaltadal. Umsjón þeirra verður í höndum klubbanna á svæði 6 í umdæmi 109B en það eru Lkl. Hólmavíkur, Lkl. Bjarmi, Lkl. Blönduóss, Lkl. Skagastrandar, Lkl. Björk, Lkl. Sauðárkróks, Lkl. Skagafjarðar, Lkl. Höfði og Lkl. Siglufjarðar.

Eftir komuna til landsins dvelja unglingarnir í rúma viku hjá gisti-fjölskyldunum. Þeir koma síðan heim að Hólum föstudaginn 15. júlí og þá um kvöldið verða búðirnar settar. Búðirnar verða í Grunnskól-anum á Hólum sem Sveitarfélagið Skagafjörður hefur látið klúbbunum í té til verkefnisins. Í skólanum er aðstaða hin besta. Þar er rúmt og vel búið eldhús. Unglingarnir munu gista í rúmum sem komið verður fyrir í tveimur skólastofum. Borðsalur við mótuneytið hentar vel undir minni samkomur en hægt er að stækka hann með því að opna hann inn í kennslustofu. Umhverfi skólans er heldur ekki af verra taginu. Af hlaðinu sést heim til Hólastaðar sem er í um fimm mínútna göngufæri og ofan staðarins gnæfir Hólabyrða, eitt tíuglegasta og hæsta fjall á þessum slóðum 1244 metra hátt. Að lóð skólans liggur skógræktin á Hólum, en um skóginn hafa verið lagðar skemmtilegar gönguleiðir.



Svæði 6 spannar stórt landsvæði og því var ljóst frá byrjun að ekki yrði vandi að finna unglingunum næg verkefni. Erfiðara hefur reynst að velja úr þeim mörgu góðu hugmyndum sem komið hafa fram því á milli verkefna þurfa unglingarnir góðan tíma til að slaka á og kynnst utan skipulagðrar dagskrár. Klúbbarnir á svæðinu hafa skipt með sér verkum þannig að segja má að hver klúbbur sjái um sinn dag.

Í Skagafirði eru starfandi fjórir klúbbar. Þar verður dvalið við fjölbreytt verkefni og dægurvöl enda býður svæðið upp á marga áhuga-

verða og sögufræga staði. Lkl. Höfði mun kynna Hofsós og nágrenni og standa fyrir siglingu á Skagafirði þar sem hægt verður að reyna sjóstangveiði eða heimsækja hina sögufrægu Drangey. Lkl. Skagafjarðar mun í kynnisferð um Skagafjörð kynna sögu lands og þjóðar með heimsóknum í byggðasafnið að Glaumbæ og Viðimýrarkirkju. Einnig fá unglingarnir að kynnst íslenskum landbúnaði þann dag. Lkl. Sauðárkróks mun kynna næsta umhverfi búðanna, s.s. Hólastað og ásamt Lkl. Höfða kynna unglingunum íslenska hestinn þar sem þeir fá

bæði að sjá og reyna sjálfir. Lkl. Björk stendur fyrir skoðunarferð um Sauðárkrók þar sem atvinnulíf á staðnum verður skoðað og saga staðarins kynnt.

Hjá Lkl. Siglufjarðar munu unglingarnir dvelja í tvo daga. Þeir munu skoða Siglufjörð og fara í gönguferð í Héðinsfjörð. Þar verður gist eina nótt í útilegu. Lkl. Blönduóss og Lkl. Skagastrandar munu m.a. sýna unglingunum sína heima-bæi og fara með þá í Blönduvirkjun þar sem þeir sjá hvernig vatnsafli er nýtt til raforkuframleiðslu.

Síðustu þremur dögum búðanna verður varið í ferð unglinganna um svæðið vestanvert á leið þeirra til Reykjavíkur. Farið verður um Húnaþing þar sem Lkl. Bjarmi mun hafa ofan af fyrir þeim einn dag. Síðan verður haldið norður til Hólmavíkur þar sem gist verður í tvær nætur. Þar skoða þeir m.a. Sauðfjársetrið og Galdrasafnið. Miðvikudaginn 27. júlí liggur leið þeirra síðan suður um heiðar.

Kvöldvökur verða haldnar þar sem unglingarnir kynna m.a. sig og sína heimabyggð. Í tengslum við unglingabúðirnar er stefnt að því að halda fjölskylduhátíð klubbanna á svæðinu, með grillveislu leik og skemmtun laugardaginn 23. júlí. Verður þátttaka í fjölskylduhátíðinni öllum opin.

Kristjana E. Guðlaugsdóttir Lkl. Æsu, Njarðvík

Viðhorf mitt

Ég heiti Kristjana E. Guðlaugsdóttir félagi í Lkl. Æsu, Njarðvík á svæði 5 í umdæmi 109 A er barna- og unglingafulltrúi og er í framboði til embættis unglingaskiptastjóra fjölum-dæmis 109 starfsárin 2005 - 2008.

Af hverju býð ég krafta mína fram í embætti unglingaskiptastjóra?

Einfaldlega vegna þess að starf með ungu fólki hefur lengi verið mitt áhugamál og veitt mér mikla ánægju en ekki síst vegna þess að ég hef þá bjargföstu trú að unglingaskipti eigi rétt á sér hér á landi sem annars staðar í heiminum, ekki vegna þess að efnaminni unglingar fá tækifæri

til þess að heimsækja útlönd, heldur vegna þess að kynni, væntumþykja og vinátta unga fólksins sem þátt tekur í slíkum unglingaskiptum styrkir brú á milli þjóða heims. Unglingarnir „okkar“ eru framtíðin - og við í Lions fáum tækifæri til þess að hlúa að þeirri framtíð.

Ég hef kynnst því persónulega að vinna að undirbúningi og framkvæmd unglingabúða, tekið unglinga í heimagistingu og átt ungling sem farið hefur á vegum Lions utan, en það eru þrír meginliðir unglingaskiptanna. Ég hef einnig sótt námstefnur unglingaskipta á NSR þingi hér heima árið 2002 og í Svíþjóð árið 2003.

Ég hef sinnt embætti unglingaskiptafulltrúa umdæmis 109A frá árinu 2001, í alls 4 ár. Í því embætti hef ég sinnt upplýsingamiðlun og fræðslu á svæðisfundum þegar tækifæri hefur gefist og einnig vegna undirbúnings unglingabúða á Laugarvatni árið 2004 ásamt þeim búðum sem verða sumarið 2006. Ég hef einnig útvegað heimagistingu unglinga í umdæmi 109A.

Ég hef starfað mikið með núverandi unglingaskiptastjóra fjölum-dæmisins, Kristni Hannessyni, og tekið virkan þátt í umræðu um endurskipulagningu fyrirkomulags unglingaskipta Lions á Íslandi.

Ég hef fengið tækifæri til þess að

kynnst unglingaskiptum Lions vel þau ár sem ég hef sinnt starfi unglingafulltrúa, bæði á það starf sem fram fer á alþjóðavísu og hér heima.

Ég starfa af **gleði** í unglingaskiptum Lions, ég hef **trú** á unglingaskiptum Lions, ég hef **reynslu** af starfi við unglingaskipti Lions og ég hef öðlast **þekkingu** á þessu starfi.

Þess vegna býð ég krafta mína fram til embættis unglingaskiptastjóra fjölum-dæmis 109.

DAGSKRÁRYFIRLIT LIONSPINGS

Afhending þingagna:

Fimmtudag
Föstudag

21. apríl
22. apríl

kl. 18.30 - 21.00
kl. 08.00 - 15.00

Grand Hótel
Grand Hótel

Föstudagur 22. apríl

Kl. 09.00

Formannaskóli
Ritaraskóli
Gjaldkeraskóli
Svæðisstjórnarskóli
Léttur hádegisverður
Sameiginleg námsstefna
Skólum fram haldið
Umdæmisþing A-umdæmi
Umdæmisþing B-umdæmi
Kynningarkvöld

Lionsheimilið Sóltúni 20
Grand Hótel - (Gallerí)
Grand Hótel - (Hvammur)
Grand Hótel - (Dalur)
Grand Hótel
Grand Hótel - (Hvammur)

Kl. 12.00

Kl. 13.00

Kl. 13.40

Kl. 15.00

Kl. 15.00

Kl. 20.00

Grand Hótel - (Gallery)
Lionsheimilið
Kaffi Reykjavík

Laugardagur 23. apríl

Kl. 09.00–09.45

Kl. 10.00–10.30

Námstefna
Skrúðganga frá Lionsheimilinu að Grand Hótel

Lionsheimilið

Kl. 10.30–11.15

Kl. 11.00

Kl. 12.00

Kl. 13.15

Kl. 20.00

Setningarathöfn
Þingi fram haldið
Léttur hádegisverður
Þingi fram haldið
Lionshátíð
Örn Árnason leikari og Jónas Þórir skemmta.
Veislustjóri: Jón Gröndal

Grand Hótel - (Gullteigur)
Grand Hótel - (Hvammur)
Grand Hótel
Grand Hótel
Grand Hótel - (Gullteigur)

Þórhildur Gunnarsdóttir, Lionsklúbbum Eir Reykjavík

Kraftur í Eir



Ada Rlísabet Benjamínsdóttir, Þórunn Gestsdóttir og Guðlaug Ingibergsdóttir.

Veturinn hefst á hverju ári með öflugri sölu á pennum fyrir Samhjálp Kvenna, en það er deild innan Krabbameinsfélagsins. Eirkonur hafa mörg undanfarin ár tekið þátt í fjáröflun fyrir deildina. Þetta auðvelda og skemmtilega verkefni kemur félagasstarfi Eirkvenna á fulla ferð strax í upphafi starfsársins.

Heimsókn á Skjól

Einu sinni í mánuði allan veturinn heimsækja síðan Eirfélagar heimilisfólkið á Hjúkrunarheimilinu Skjól í Reykjavík. Félagarnir koma með kaffimeðlæti og skemmta heimilis-

fólki með söng og hljóðfæraleik. Hefur þetta verið árviss viðburður á dagskrá klúbbsins í nær 20 ár. Óhætt er að segja að þessi þáttur starfsins sé orðinn ómissandi bæði fyrir heimilisfólk og félagskonur.

Heimsókn Eirar til Keflavíkur

Þann 7. febrúar heimsóttu félagar í Lionsklúbbum Eir Lionessklúbb Keflavíkur og héldu sameiginlegan fund í Flughótel, Keflavík. Fundurinn var bæði fjölmennur og skemmtilegur.

Lionessurnar undirbjuggu fundinn af mikilli kostgæfni. Skipulögðu

sætaröðun þannig að Lionskona sat í öðru hvoru sæti og Lionessa í hinu.

Þannig tryggðu þær jákvæð og góð samkipti á fundinum.

Dagskrá fundarins var bæði gagnleg og skemmtileg. Fyrst voru hefðbundnir dagskrárliðir, s.s. nafnakall, lesin fundargerð síðasta fundar, upplýsingar um hvað er á döfinni í hreyfingunni o.s.frv..

Þá fengu báðir formennirnir, þ.e. Sigrún Steinsdóttir Lkl. Eir og Ada Elísabet Benjamínsdóttir Lin. Keflavíkur tækifæri til að kynna starf klúbbanna í stuttu máli.

Lionsklúbburinn Eir hefur mörg undanfarin ár heimsótt aðra klúbba eða boðið klúbbum í heimsókn á fund til sín. Hafa þessir fundir ávallt verið mjög skemmtilegir. Með þessum heimsóknum hafa félagarnir fengið tækifæri til að kynna öðrum Lionsfélögum, síðum þeirra á fundum, fjáröflun, verkefnum m.m.

Nokkrir fastir liðir á fundum Eirar hafa orðið til eftir heimsóknir til annarra klúbba.

Undirrituð hvetur stjórnendur annarra klúbba að taka upp þennan skemmtilega síð. Fara í smá ferðalög til nærliggjandi klúbba, kynna þeim og kynna sig í leiðinni.

Forsýning á kvikmyndinni Ray Charles

Í 19 ár hefur aðalfjáröflun Lionsklúbbsins Eirar verið forsýning á góðri bíómynd. Að þessu sinni varð fyrir valinu Óskarsverðlaunamyndin Ray Charles.

Þetta er í annað sinn sem forsýningin er í Laugarásbíó, en öll hin árin hafa forsýningar verið í Háskólabíó. Allur ágóði sýningarinnar rennur óskertur til líknarmála. Þá hefur Lionsklúbburinn Eir öll árin stutt ötullega við bakið á fikniefnalögreglunni með kaupum á ýmsum tækjum.



Skjólkór Lionsklúbbsins Eirar. Á gítar Sigurgeir Þorkelsson á harmonikku Haukur Harðarson.

50. fjöllumdæmisþing Lionsumdæmis 109 haldið á Grand Hótel Reykjavík laugardaginn 23. apríl 2005

Dagskrá

- Kl. 10.30-11.15 Þingsetning – Formaður þingnefndar,
Hörður Sigurjónsson
Fánahylling
Þjóðsöngvar – Kór Öldutúnsskóla
Ávarp fjöllumdæmisstjóra, Þórunnar Gestsdóttur
Siðareglur Lions
Ávarp borgarstjórans í Reykjavík
Ávörp erlendra gesta
Hugvekja – Séra Bjarni Karlsson
Tónlistarflutningur – Kór Öldutúnsskóla
- Kl. 11.15-17.00 Þingi fram haldið
Kosning þingforseta, þingritara og
kjörbréfanefndar
Ávarp Jan Holtet alþjóðastjórnarmanns
Ársskýrsla fjöllumdæmisráðs
Umræður um ársskýrslu, embættismenn
sitja fyrir svörum
Kjörbréfanefnd skilar álit
Ávarp Þóris Guðmundssonar
LCIF
Reikningar fjöllumdæmisins fyrir
starfsárið 2003-2004.
Bráðabirgðauppgjör starfsárs 2004 2005
Fjárhagsáætlun og tillaga um árgjald 2005-2006
Lagabreytingar
Kynning fjöllumdæmisstjóra 2005-2006:
Kosning fjöllumdæmisstjóra.
Lýst kjöri fjöllumdæmisstjóra.
Kosning embættismanna:
Unglingaskiptastjóra til 3 ára. 2 í framboði
Ávarp frambjóðanda Einars Þórðarsonar
Ávarp frambjóðanda Kristjönu Guðlaugsdóttur
Kosning annarra embættismanna:
Fjöllumdæmisritara
Fjöllumdæmisgjaldkera
Endurskoðenda (tveir aðal og tveir til vara)
Tillögur frá fjöllumdæmisráði
Viðurkenningar
Þinghald árið 2006
Ákvörðun um þinghald 2007
Önnur mál
Þingslit

Dagskrá

Umdæmisþings 109A 2005-2006 á Grand Hótel Reykjavík Umdæmisþings 109B 2005-2006 í Lionsheimilinu

1. Þingsetning
2. Kjör embættismanna þings
a þingforseta
b þingritara
c kjörbréfanefnd
3. Ávarp alþjóðastjórnarmanns Jan Holtet
4. Skýrsla umdæmisstjóra
5. Kynning frambjóðanda til embættis
umdæmisstjóra 2005-2006.
6. Kjörbréfanefnd skilar álit
7. Afh.kjörseðla.
8. Kjör umdæmisstjóra 2005-2006
9. Ávarp nýkjörins umdæmisstjóra
10. Kynning frambjóðanda til embættis
varaumdæmisstjóra 2005-2006.
11. Kjör varaumdæmisstjóra.
12. Ávarp nýkjörins varaumdæmisstjóra.
13. Lagabreytingar.
14. Viðurkenningar.
15. Önnur mál.
16. Þingslit.

Fjöllumdæmisþing 2006

Það tilkynnist hér með að fjöllumdæmisþingið
2006 verður haldið dagana 2. og 3. júní 2006
í Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi.
Þessi breyting frá fyrri dagsetningu helgast af
þeirri staðreynd að sveitarstjórnarkosningar
verða laugardaginn 27. maí 2006.

f.h. þingnefndar Akranesklúbbanna
Benjamín Jósefsson
formaður

Sigurður Magnússon, formaður Lkl. Svans

Svanur leggur land undir fót



Það var á fundi í Lionsklúbbum Svani þann 7. október sl. að fram kom tillaga þess efnis að gera tvo félagar sem hafa verið í klúbbum óslitið frá stofnun hans árið 1976 að Melvin Jones félagum. Tllagan fékk mjög góðar undirtektir og var samþykkt samhljóða. Þetta voru mágarnir Sigursteinn G. Melsteð og Örn Ingólfsson. Báðir hafa ávallt verið mjög góðir Lionsmenn. Þeir eru búnir að starfa í öllum embættum og nefndum í Lionsklúbbum Svani og oft í flestum embættum, því þannig vill það verða þegar klúbbar eru lengi fámennir. Þá hafa báðir verið svæðisstjórar og sótt umdæmisstjórnarfundum. Margar langar ferðir hafa verið farnar á fjöllumdæmisþingum og mun sú lengsta hafa verið til Ísafjarðar. Á klúbbsfundunum hafa þeir yfirleitt verið með 100% mætingu og hafa þá oft önnur félagsleg störf orðið að vika.

Lionsklúbburinn Svanur hefur haft fjölbreytta starfsemi bæði til gagns og gamans í gegnum árin. Þeir félagar hafa verið fljótir og ólátir að mæta til hinna ýmsu starfa fyrir Lionshreyfinguna. Sem sagt alltaf tilbúnir að leggja lið. Nú stóð þannig

á, þegar við vorum búnir að afhenda heiðurskildina að Sigursteini dvaldi í Reykjavík vegna langra og erfiðra veikinda og hafði ekki möguleika á að koma austur. Við brugðum því á það ráð að skreppa suður og hafa afhendingarathöfn þar. Höfðum áður haft samband við Geir Hauksson umdæmisstjóra og var hann okkur mjög innan handar með alla fyrirgreiðslu í Reykjavík.

Við lögðum svo af stað seinni part dags föstudaginn 10. desember sex saman í bíl, formaður, ritari og væntanlegur Melvin Jones félagi Örn Ingólfsson og makar. Fengum krapahrið og hvassviðri mest alla leiðina og gekk ferðin því hægt, en mjög vel. Komum í náttstað í Kópavoginum klukkan hálf tólf. Mætt var í Lionsheimilið Sóltúni kl. 13.30 laugardaginn 11. desember og var þar fljótt tilbúið veisluborð.

Þangað voru komnar fjölskyldur Sigursteins og Arnar og einnig brottfluttir Svansfélagar og fleiri vinir, alls 25 manns. Formaður setti athöfnina með ávarpi og afhenti að því loknu Sigursteini og Erni heiðurskildina, en umdæmisstjóri nældi í þá barmmerkin. Margir tóku til máls. Má þar




Á myndinni eru f.v.: Geir Hauksson umdæmisstjóri, Gunnar Einarsson ritari, Örn Ingólfsson, Sigurður Magnússon formaður, Sigursteinn G. Melsteð, Htafn L. Melsteð, Sævar Sigursteins og synir Hrafnis, Már og Sigursteinn Orri.

nefna Sigurstein G. Melsteð og Örn Ingólfsson sem fluttu þakkir. Þá talaði Geir Hauksson umdæmisstjóri og af brottfluttum, Elís P. Sigurðsson, Stefán N. Stefánsson og fleiri. Rifjuðu menn upp ýmis atvik úr starfi Lionsklúbbsins Svans og höfðu margs að minnast.

Tveir sonarsynir Sigursteins Melsteð léku á hljóðfæri, Sigurður Már, 10 ára á harmóníkku og Sigursteinn Orri 8 ára á gítar. Vakti það mikla

ánægju veislugesta. Ber fólki saman um að þetta hafi verið látlaus og góð samkoma. Við, úr Breiðdalnum, héldum svo heim daginn eftir. Gekk ferðin vel, komum á Breiðdalsvík klukkan átta, ánægð með vel heppnaða ferð.

Ég vil svo að lokum þakka öllum sem þarna komu saman, sérstaklega Geir Haukssyni umdæmisstjóra og Margréti Jónsdóttur Lionsklúbbum Fold fyrir góða aðstoð.



Minning

Svafar Helgason

f. 30. ágúst 1920 – d. 15. febrúar 2005

Kveðja frá Lionsklúbbi Sauðárkróks

Svafar Helgason fæddist á Hamri í Fljótum 1920, hann lést á Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki 15. febrúar 2005. Útför hans fór fram frá Sauðárkróskirkju laugardaginn 26. febrúar. Foreldrar hans voru Gunnhildur Kristjánsdóttir og Helgi Kristinsson, smiður á Svafar Helgason Sígulfirði.

Svafar ólst upp í foreldrahúsum, gekk í Gagnfræðaskóla Sígulfjarðar og síðar í Verslunarskóla Íslands og lauk þaðan verslunarprófi vorið 1939. Svafar kvæntist eftirlifandi eiginkonu sinni Gunnhildi Magnúsdóttur 30. ágúst 1945. Þau bjuggu lengst af á Öldustígnum á Sauðárkróki. Þar áttu þau friðsælt og fallegt heimili og þar fæddust dæturnar tvær, þær Hildur og Ólöf. Barnabörnin voru sjö og barnabarnabörnin voru orðin sex.

Þegar Lionsklúbbur Sauðárkróks var stofnaður á haustdögum 1964 var Svafar einn af stofnfélögum hans. Hann var styrkstoð í klúbbsstarfinu meðan honum entist heilsa, en síðustu árin átt Svafar við vanheilsu að stríða. Hann dvaldi þó ætíð á heimili sínu og naut þar ástríkrar umönnunar eiginkonu sinnar sem hjúkraði honum allt til þess síðasta.



Svafar Helgason

Það smá fækkar í hópnunum sem stofnaði Lionsklubb Sauðárkróks fyrir rúmum fjórtíu árum. En við sem eftir erum eigum margs að minnast. Margar minningar eru bundnar við Svafar Helgason. Hann var traustur eins og handtak hans. Honum var ætíð hægt að treysta. Það sem hann tók að sér var vel unnið. Hann var í fáum orðum sagt góður félagi, var hvers manns hugljúfi sem gaman var að vinna með.

Að leiðarlokum vil ég, fyrir hönd félaga í Lionsklúbbi Sauðárkróks, færa Svafari okkar bestu þakkir fyrir allt sem hann var klúbbum og Lionshreyfingunni. Ég vil þakka fyrir allar skemmtilegu stundirnar sem við áttum með honum á fundum við undirbúning árhátíða og við hin ýmsu verkefni þar sem hann var ætíð gleðigjafi.

Eftirlifandi eiginkonu Svafars, Gunnhildi Magnúsdóttur og dætrunum tveimur Hildi og Ólöfu og fjölskyldum þeirra, vottum við dýpstu samúð og biðjum Guð að blessa þeim minninguna um góðan eiginmann, föður og afa.

Magnús H. Sigurjónsson,
Lkl. Sauðárkróks

Bandaríkjaferðir á frábæru verði



Netsmellur til USA

Verð frá 37.900 kr.*

*Innifalið: Flug, flugvallarskattar og eldsneytisgjald

Bókaðu á www.icelandair.is

ICELANDAIR
www.icelandair.is

